

## **Tillögur fyrir aðalfund 2024**

### **Tillaga um arð og ráðstöfun hagnaðar**

„Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2024 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2023 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.“

### **Tillaga um endurskoðanda**

„Árið 2022 var KPMG ráðið sem endurskoðandi Lánasjóðsins til 5 ára. Ekki er heimilt að segja upp samningnum nema, nema sérstakar ástæður kalli á það. Stjórn leggur til að samningurinn standi óhaggaður“.

### **Tillaga um starfskjarastefnu**

Stjórn leggur til að starfskjarastefnan standi óbreytt.

### **Tillaga um laun stjórnar og undirnefndar stjórnar**

“Laun til stjórnarmanna munu í grunninn taka mið af mánaðarlaunum stjórnarmanna hjá Lífeyrissjóðinum Brú. Stjórnarlaun hjá Lánasjóðnum verða í grunninn 193.636 kr. fyrir hvern mánuð og tekur breytingum miðað við launavísitölu 1. janúar hvers árs. Laun varaformanns verða 1,25-föld mánaðarlaun stjórnarmanna og laun formanns verða 1,5-föld mánaðarlaun stjórnarmanna. Varamenn í stjórn skulu fá laun fyrir hvern setinn fund, sem eru jöfn mánaðarlaunum stjórnarmanns. “

“Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verða í eitt skipti 1,5-föld mánaðarlaun stjórnarmanna og verður greitt eftir hvern aðalfund.”